Sigurrós Sigurdardóttir bar fram tillögu um ad fél. keypti sér bollapör vegna kaffisölunnar, því óþægilegt vari ad gá slikt ad lánir í hvert sinn sem kaffi vari selt. Féllust fundarkonur á þad og var ákvedid ad félagid keypti 24 pör af bollum tíunig var Laufey Daðjartsdóttir fram þá tillögu ad verd á því kaffi sem félagid seldi, yrdi framvegis ákvedid á almennum fundi, en ekki af þeim konum sem kosnar eru til ad annast kaffisöluna hverju sinni, eins og ádur hefur verid. Var sú tillaga samþykt og ákvedid ad verd á kaffinu í ár skuli vera 70 kr. fyrir fullordna er 40 kr fyrir börn innan 12 ára aldurs.
Ad lokum var kosinn fulltrúi til ad mæta á fundi Kvennfélagasambands Strandasýslu og var Anna Sigurdardóttir kosin og til vara Laufey Daðjartsdóttir.
Næsti fundur verdur haldinn í Laxardal hjá Ingibjörgu Sigurdardóttir sem bauð fram fundarstad.

Fleiri mál lágu ekki fyrir fundinum og var honum slitid.
S.D.

Sunnudaginn 5. des. 1971 var fundur haldinn í kvennfélaginu, að Laxárdal hjá Ingibjörgu Sigurðard.
Fundinn sóttu 15 konur.
Formaður setti fundinn og bauð fundarkonur velkomnar. Síðan minntist hún látinnar félagskonu Helgu Transtadóttur, sem lést síðastliðið sumar, fá unnusta og ungum börnum. Bað form. fundarkonur að votta hinni látnu virðingu sína, með því að rísa úr sætum.
Þá voru tekin fyrir þessi mál.
1. Félagsmál, flutti formaður um þau stutt ávarp.
2. Lesin bréf og fundargerð Kvennfélagasambands Strandasýslu og greinargerð frá formanni sambandsins Guðbjörgu Haraldsdóttur um síðasta þing Kvennfélagasambands Íslands.
3. Nefndakosning. Kosið var í hver nefndir, fyrst í jólastaðskemmtinefnd og voru þar, Jenna Jónsdóttir, Sigríður Ingólfsd. Sigríður Halldórsd. Margét Eyþeinsd. Ólöf Björnsd. og Sigríður Jónsdóttir kosnar í hana.
Og í þorrablótsnefnd Sigríður Sveinbjarnard. Anna Sigurðard og Laufey Dagbjartsdóttir
4. Önnur mál. Formaður vakti máls á því hvort áhugi væri fyrir að koma á námskeiðum, t.d. í saumaskap og var ~~ákveð~~ ákveðið að athuga möguleika á að ~~koma~~ útvega saumakonu til að halda námskeiðið og leiðbeina þeim konum sem það sækja.
Einnig var ákveðið að hafa skemmtifundi á veiju og buðust þær Jenna Jónasdóttir, Sigríður Jónsdóttir og Sigurrós Sigurðardóttir til að halda þá.
5. Næsti fundur. Guðbjörg Haraldsdóttir bauðst til að taka næsta fund, sem verður aðalfundur.
Fleiri mál voru ekki til umræðu og var fundi slitið

L.D.

Sunnudaginn þann 6. febrúar 1972 var aðalfundur kvennfélagsins haldinn á Borðeyri hjá Guðbjörgu Haraldsdóttir. Mætt voru 20 konur.
Formaður setti fundinn og bauð fundarkonur velkomnar og las síðan dagskrá fundarins, svohljóðandi
1. Félagsmál
2. Reikningar félagsins
3. Bréf frá Kvennfélagasambandi Strandasýslu
4. Önnur mál.

1 Sá raski formaður í stórum dráttum stöðu félagsins á liðnu ári. Fundir hjá félaginu voru að venju 3, og auk þess 3 skemmtifundir. Auk þess jólatréskemmtunin og þorrablót í samvinnu við ungmennafélagið. Boðið var kvennfélagskonum úr Staðarhreppnum í miðdagskaffi og einnig komu þar félagskonur sem þeir gátu við komið.

2 Síðan lagði gjaldkeri félagsins fram reikninga ána fyrir síðasta ár, endurskoðaða af Sigríði Jónsdóttur og Ólöfu Björnsdóttir; voru þeir samþykktir. Eignir félagsins höfðu aukist á árinu sem undanfarin ár og er hagur félagsins góður.

3 Lesið var bréf frá K. S. S. varðandi hina nýju fræðslulöggjöf. Las formaður úrdrátt úr frumvarpinu og urðu nokkrar umræður um það á fundinum. Guðbjörg Haraldsdóttir reddi um það að frumvarpið gerði m.a. ráð fyrir mikilli lengingu skyldunámsins, en börn í dreifbýlinu fengju nú víða, ekki þá kennslu sem ákveðin var í lögum frá 1946. Mundi aðstaða sveitabarna til náms ekki batna við setningu nýrra laga og hætt við að foreldrum á fámennum sveitaheimilum yrði ofraun að sjá af börnum sínum mestan hluta ársins frá 7-16 ára aldurs. Væri ekki óeðlilegt að það flýtti heldur fyrir að fólk flytti í þéttbýlið þar sem foreldrar gætu haft börn sín heima, heldur en að senda þauung í heimavistarskóla eins og ráð er fyrir gert í grunnskólafrumvarpinu. Fleiri konur tóku til máls, og fannst þeim öllum, frumvarpið gera ráð fyrir óþarflegri lengingu skyldunáms, sem leiddi í mörgum tilfellum til meiri náms-leiða hjá fjölda unglinga, einkum vegna þess að megin áherzla er lögð á bóklegt nám.
Ákvað fundurinn að leggja fram tillögu um málið, en afgreiðslu kennar var frestað, svo tím gefist til að kynna málið betur.

4. Önnur mál. Rætt var um fyrirhugað saumanámskeið. Hægt er að fá konu í vor til að kenna í fimm daga eftir Þorrablótum, en fundarkonur vildu heldur fá tilsögn í saumum, og var ákveðið að leita betur fyrir sér um kennara í þeim.
Á fundinum gekk Lilja Sigurðardóttir í kvenfélagið á milum í félagið.

5. Kosningar. Kosinn var ritari og varastjórn félagsins og var Laufey Daðjartsd. endurkjörinn ritari til nestu tveggja ára, og í varastjórn voru endurkjörnar þær Hanna Hannesd. Unnur Jóhannsd og Sigríður Jónsdóttir. Í kaffinefnd voru kosnar þær Ólöf Björnsdóttir, Jenna Jónasd, Inga Danielsd og til vara Elsa Gíslad, Anna Sigurðard, og Margrét Eysteinsd. Ákveðið var að bjóða kvenfélagskonum úr Bitrufirði í heimsókn í vetur og til að annast þá móttöku voru kosnar Ingibjörg Sigurðard, Laufey Daðjartsd, Guðrún Jóhannesd., og Hanna Hannesd.

6. Næsti fundur var ákveðinn á Borgum, en Margrét Eysteinsd. bauð fram fundarstað.

Fleiri mál voru ekki til umræðu og var fundi slitið.

F.D.

Sunnudaginn 30. apríl 1972 var fundur haldinn á Borgum hjá Margréti Eysteinsdóttir, og sóttu hann 8 konur. Formaður setti fundinn, og bauð fundarkonur velkomnar og las síðan dagskrá

1. Félagsmál.
2. Önnur mál.
3. Kosning fulltrúa á fund K. S. S.
4. Húsfreyjan
5 Næsti fundur

1 Formaður ræddi um félagsmálin m. a. orlof húsmæðra; hvort konunum þyrfti að betra veri að fara í eins eða tveggja daga ferð, og nota orlofsfé á þann hátt, eða, eins og verið hefur að dveljast í eina viku á Búðum á Snæfellsnesi. Létu konur það álit í ljós að fleiri mundu geta komist í ferðalag sem tæki styttan tíma, en verið frá heimili í heila viku. Greiddu 6 konur atkv. með því áliti

2 Þá komu til umræðu Grunnskólalögin sem áður var rætt um á aðalfundinum, og samþykkti fundurinn eftir nokkrar umræður að senda greinargerð um málið til Kvenfélagasambands Strandasýslu ásamt áliti því er komið hefur fram á fundum félagsins; með það fyrir augum, að málið verði rætt nánar á fundi sambandsins.

Rætt var um að fá saumakonu til að halda námskeið næsta vetur, og ákveðið að formaður hefði samband við Ragnheiði Bergþórsdóttir kennara

til ad vita, hvort hún vori fáanleg ad taka ad sér, ad veita þeim konum sem þess óska, tilsögn, um hálfs-mánadar tíma.

Tólverdur umredur urdu um kaffisöluna hjá ~~félag~~ félaginu. Hlíf gjaldkeri félagsins Ingibjörg Sigurdard. þer. Vakti hún athygli á því hve sásalitid yrdi afgangs, vori kaffid selt áfram á því verdi sem verid hefdi eda 75 kr. fyrir manninn. Allar vörur hakkadar svo ört ad naudsyn vori ad kaffi med smurdu brandi hakkadi tólfvest, svo eithvad komi í ágóda til félagsins.

Samþiktir ~~[illegible]~~ fundurinn ad kaffi med smurdu brandi skuli hakkad í 100 kr fyrir fullordna og kr. 50 fyrir börn.

3. Kosin fulltrúi til ad mæta á fundi K. S. S. var Jenna Jónasdóttir Borðeyri, og til vara Helga Ingvarsd. s. st.

4 Nasti fundarstadur var ákvedinn í Bæ hjá Laufeyju Dagbjartsdóttir sem baud fram fundarstad. Fleiri mál voru ekki tekin fyrir og var fundi slitid

L. D.

Fundur haldinn ad Bæ 24. november 1972 ad bodi Laufeyjar Dagbjartsdóttur.

Mættar vora 13 konur.

Formadur setti fundinn og baud fundarkonur velkomnar. Minntist hún sídan tveggja látinna félagskvenna, Kristínar Gudbjartsdóttur Bæ og Ingibjargar Finnsdóttur frá Kjörseyri. Lét formadur svo um mælt ad vid ættum svo gódar minningar um þessar ágætu konur og bádar fundarkonur heidra minningu þeirra med því ad risa úr sætum

Dagskrain

1. félagsmál

Sagdi formadur ad talast hefdi svo til á sídasta fundi ad hún skrifadi Ragnheidi Brynjólfsdóttir til ad vita hvort hún vori fáanleg til ad hafa saumanámskeid hér í vetur. En Ragnheidur vildi engu lofa vegna heilsubrests, gati hún ekki rádstafad tíma sínum ad svo stöddu. Var ákvedid ad hafa samband vid hana, og vegna sídar ef heilsa hennar leyfdi.

2. lesin fundargerd K. S. S.

3. Nefndarkosningar.

Í jólatrésskemmtinefnd vora kosnar þar Hanna Hannesdóttir, Gudrún Jóhannesdóttir.

Inga Daníelsdóttir, Ingibjörg Sigurðardóttir, Guðbjörg Haraldsdóttir og Sigríður Sveinbjarnard.
Í Þorrablótsnefnd, þær Sigríður Ingólfsdóttir, Jenna Jónasdóttir og Ólöf Björnsdóttir.
4 Önnur mál.
Rætt var um að hafa saumafundi sem að undanförnu, og buðust þær Hanna Hannesd. Kolbeinsa, Jenna Jónasd. Borðeyri og Sigríður Jónsdóttir Skálholtsvík til að taka þá.
5. Næsti fundur sem verður aðalfundur, var ákveðinn hjá Guðrúnu Jóhannesdóttir Borðeyri en hún bauð fundarstað og var það þegið og þakkað.

Ekki fleiri mál til umræðu og var fundi þá næst slitið.

L.D.

Aðalfundur Kvennfélagsins Dúnnar var haldinn að Borðeyri 4/2 1973. í bóði Guðrúnar Jóhannesdóttir. Mætter voru 15 konur.
Lauey Dagbjartsdóttir setti fundinn í forföllum Önnu Sigurðardóttir sem ekki gat mætt vegna veikinda.
Bauð hún fundarkonur velkomnar og las þar næst dagskrá fundarins, sem var á þessa leið
1. Félagsmál
2. Reikningur félagsins
3. Önnur mál
4. Kosningar; í stjórn, varastjórn o. fl.
5 Næsti fundur
1. Flutt var yfirlit yfir félagsmál frá formanni um starfið á liðnu ári sem voru með svipuðu sniði og undanfarið
2. Gjaldkeri las reikninga félagsins áður endurskoðaða af Ólöfu Björnsdóttir og Sigríði Jónsd.; voru þeir samþykktir athugasemdalaust.
3. Önnur mál. Kom þar frá formanni að hún hefði skrifað Ragnheiði Brynjólfsd. eins og talað var um á síðasta fundi, en svar hefði ekki borist enn.
Rætt var um að gefa í Vestmannaeyjasöfnunina. Var samþykt einróma að félagið gæfi 25 þús krónur, er renna skildi til Rauða krossins.
4 Kosningar. Kjósa átti formann ~~og~~ gjaldkera

og var Anna Sigurðardóttir endurkjörin form.
gjaldkeri Ingibjörg Sigurðard. bað sig undan
kosningu vegna [redacted] og
var þá Lilja Sigurðardóttir meðm. kosin í hennar stað.
Kosið var í varastjórn og hlutu þessar kosningu
Elsa Gísladóttir, Inga Danielsdóttir og Guðbjörg
Haraldsdóttir.
Í kaffinefnd voru kosnar Sigríður Halldórs-
dóttir Guðbjörg Haraldsd., Laufey Daðjarðsd.
Sigríður Ingólfsd. Hanna Hannesd og Sigríður
Sveinbjarnardóttir.
Kosinn fulltrúi á K.S.S. Jenna Jónasdóttir
og til vara Laufey Daðjarðsdóttir.
5. Næsti fundur verður hjá Guðbjörgu Haraldsd
sem bauð fundarstað hjá sér.
Fleiri mál lágu ekki fyrir og var
fundi slitið.

Sigríður Jónsdóttir

Fundur félagsins haldinn 15-4. 1973., á Borðeyri
hjá hjá Guðbjörgu Haraldsdóttir.
Mætar voru 12 konur. Formaður setti fundinn
og bauð fundarkonur velkomnar.
Síðan minntist hún látinnar félagskonu Jóhönnu
Lýðsdóttir frá Guðlaugsvík. Risu fundarkonur
úr sætum í minningu hinnar látnu.

Þá las formaður dagskrá fundarins, sem var
á þessa leið.
1. Félagsmál
2. Önnur mál
3. Næsti fundur
4. Húsfreyjan.
Formaður hóf máls á því að heldur færi félags-
konum fækkandi og fyrsti ~~að~~ konurnar að
reyna að fá hinar yngri til að ganga í félagið
og taka þátt í störfum þess með okkur sem
fyrir erum. Þvínæst las hún bréf frá Ragnh.
Bergmjöltsd. saumakonu, þar sem hún afsakaði
að hafa ekki getað haldið námskeið á vegum
félagsins í vetur vegna anna; en e.t.v. gæti
gæti af því orðið á komandi sumri ef konurn-
ar hefðu ástæður til.
Þá las form. bréf er borist hafði frá kvennfél.
„Heimaey" og buðu þær kort ~~af~~, með myndum
af gosinu, til sölu og skildi andvirði þeirra

varið til stiftar Vestmannaeyjingum.
Nokkur umræður urðu um fyrirhugaða fjórðhátíð á Þingvöllum 1974, og ýmsar frambærandir sem fyrirhugaðar eru í því sambandi. Samþykkti fundurinn einróma eftirfarandi tillögu

Kvennfél. Iðunn Bæarhreppi óskar eftir að Alþingi ákveði að fjórðhátíðin 1974, verði als ekki haldin lengur en einn dag á Þingvöllum; og að mikið verði dregið úr þeim frambærandum er fjórðhátíðarnefnd var búin að gera áætlun um.
Að ekki verði byggðar sögualdarbær og að aðgát sé höfð á að engin sýndarmennska eða brudl sé í sambandi við hátíðahöldin.
Að vel sé ramsakað hvort hringvegurinn til Þingvalla eigi rétt á sér, á meðan víða á landinu er varla akfær vegur.

Að tillögu gjaldkera ákvað fundurinn að verð á kaffi sem félagið selur skuli vera 120 kr. fyrir mann á ~~yfirst~~ þessu ári.
Næsti fundur verður haldinn á Borðeyri hjá Sigríði Ingólfsdóttir sem bauð fundarstað.
Fleiri mál lágu ekki fyrir og var fundi því slitið.

L.D.

Fundur í Kvennfélaginu Iðunn var haldinn 2. des hjá Sigríði Ingólfsdóttir Borðeyri
Mætar voru 8 konur
Formaður setti fundinn og minntist nýlátinnar félagskonu Helgu Jónsdóttur frá Lyngholti, er hafði starfað í félaginu langa hríð.
1. Félagsmál voru fyrst á dagskrá, þar var fátt um að segja sérstaklega vegna þess hvað erfitt var að fá kennara til námskeiðahalds, sem fyrirhuguð voru.
2. Formaður las fundargerð frá aðalfundi K.S.Í.
3. Rætt í jólatrésskemmtinefnd. Kosningu hlutu Jenna Jónsdóttir, Elsa Gísladóttir, Rósa Sigurðardóttir, Ólöf Björnsdóttir, Lilja Sigurðardóttir og Ólafur Jóhannsdóttir.
4. Rætt í þorrablótsnefnd. Kosningu hlutu Guðbjörg Haraldsdóttir, Hanna Hannesdóttir og Margrét Eysteinsdóttir.
5. Önnur mál: Ákvað var eftir að áfram væri reynt að fá kennara til að kenna föndur, flos eða eitthvað annað sem mætti verða til gagns og ánægju í félagsstarfinu.
Ákveðið var að halda áfram að hafa saumafundi eins og verið hefur. Næsti saumafundur mun verða hjá Jenni Jónsdóttir, og bauð Ingibjörg Sigurðardóttir þar næsta

6. Næsti fundur, Sigurrós Sigurðardóttir bauðst til
ad taka hann.
Þeira var ekki tekid fyrir. Fundi slitid

Gudbjörg Haraldsdóttir

Sunnudaginn 20 Janúar 1974 var adalfundur
kvennfélagsins haldinn hjá Sigurrós Sigurðard.
Borðeyrarbr. Fundinn sóttu 16 konur.
Formadur setti fundinn og baud fundarkonur
velkomnar.
1. Félagsmál voru fyrst á dagskrá og fau mál
med líku sniði og undanfarin ár, med
fundahöldum, jólatrésskemtun og sauma-
fundum, einnig baud félagid kvennfélagskon-
ur Bitrufirdi til kaffidrykkju inn ad Gudlaugs-
vík. Var fad hin ánægjulegasta samkoma, sem
eykur kynni milli félaganna sem vaddu
far sín áhugamál
2. Lagdir voru fram reikningar félagsins; sem
höfdu verid endurskodadir af Ólöfu Björnsdóttir
og Gudbjörgu Haraldsdóttir, sem endurskodadi fá
í stad Sigfridar Jónsdóttur en hún mætti ekki á
fundinum; og voru peir samþykktir einróma.
3. Þá var kosinn ritari til næstu tveggja ára.
Kosningu hlaut Elsa Gísladóttir í stad Laugeyjar
Dagbjartsdóttir sem ekki gaf kost á ad vera ritari áfram.
Í varastjórn var kosin Sigríður Ingólfsdóttir og stad
Elsu Gísladóttir, og skipa þá þessar konur varastjórn
félagsins, Inga Danielsd. Gudbjörg Haraldsd. og
Sigríður Ingólfsd.
Fundarkonur óskudu eftir ad sömu endurskodendur
gengdu störfum áfram þer Ólöf Björnsdóttir
og Sigfríður Jónsdóttir.
Í kaffinefnd voru kosnar þer Sigfríður Jónsd.
Gudrún Jóhannesd. og Sigurrós Sigurðard. og til
vara Elsa Gíslad. Anna Sigurðard. og Hanna Hannesd.
4. Önnur mál. Lilja Sigurðard. spurðist fyrir um
hvort félagid hefdi fengid beidni um ad stirkja
kaup á sjúkrabíl sem Lyonsklúbburinn á Hvammstanga
hyggst festa kaup á fyrir læknisbústadinn.
Engin slík beidni hafdi borist, en fundurinn
samþykkti einróma ad gefa 25,000 kr í
sjóðnum.
Þá var ákvedid ad hafa bazar á þessu ári þar
sem langt er liðid sídan félagid hefur gengist
fyrir því. Í bazarnefnd voru kosnar þer Jenna
Jónasd., Ingibjörg Sigurðard. og Ólöf Björnsd.
Og til ad sjá um kaffi á basarnum þer Sigríður
Ingólfsd. Gudbjörg Haraldsd. og Inga Danielsd.
Samþykkt var ad hækka félagsgjaldid úr kr100
í 200 kr. vegna aukinna útgjalda félagsins

Og enn fremur að hækka verð á seldu kaffi úr 120 kr. í 130.

5. Næsti fundur verður haldinn hjá Guðbjörgu Haraldsd. sem bauð fram fundarstað.

Fleira var ekki til umræðu og var fundi því slitið.

L.D.

Fundur haldinn í Kvenfélaginu Ósum 28/3 hjá Guðbjörgu Haraldsdóttur Borðeyri.

Mættar voru 13 konur. Formaður setti fundinn og bauð fundarkonur velkomnar, einkum þó Þorgerði Sigurjónsdóttur Skálholtsvík sem gekk í félagið á fundinum. Kvaðst formaður vona að þetta yrði öðrum ungum konum hvatning að ganga í félagið. Því næst las formaður dagskrána. 1. Félagsmál, 2. Lesin bréf til félagsins 3. Önnur mál, 4. Húsfreyjan, 5. Næsti fundur.

Formaður las bréf frá Kvenfélagasambandi Íslands þar sem bodin voru til kaups fræðslurit um ýmis efni, þvo og hvítþvotta og plúggamynda flokkar til sýninga endurgjaldslaust. Urðu nokkrar umræður um það mál og ákvörðun bekin um að reyna að fá nokkra plúggamyndaflokka til sýninga ef hægt væri. Einnig var lesið bréf frá Afengisvarnaráði þar sem það leitar liðsinnis kvennasambandanna í baráttunni gegn áfengisbölinu, sem er orðið mikið félagslegt vandamál, og væri því fjárhaðlidarárið vel til þess fallið að hefja auknar baráttu gegn því.

Önnur mál. Laufey Dagbjartsdóttir vakti máls á því, að í Húsfreyjunni hefði verið minnst á að kvenfélögin kynntu sér fræðsluerindi um fóstureyðingar. Urðu all miklar umræður um það mál og voru skoðanir á þá leið að óþarft væri að gefa fóstureyðingar frjálsari, en þó væri hægt að réttlæta þar í sumum tilfellum t.d. ef konur fengju rauða hunda á meðgöngutíma.

Óskað var eftir umsóknum til orlofsnefndar um orlofsdvöl að Staðarfelli í Dölum og konur hvattar til að notfæra sér þann möguleika til hvíldar og hressingar.

Rætt var um að fara í skemmtiferð í sumar og kosin nefnd til að athuga það mál. Þessar konur voru kosnar Sigríður Jónsdóttir, Inga Danielsdóttir og Laufey Dagbjartsd. Þá var rætt um að komið væri að Kvenfélaginu að taka að sér sambandsfund K.S.S. árið 1975.

Næsti fundur. Sigríður Jónsdóttir bauð fram næsta fundarstað, sem var þegið og þakkað. Fleira ekki bekið fyrir. Fundi slitið.

G.G.

Fundur haldinn í Kvenfél. Ósk 24 nóv.
hjá Sigríði Jónsdóttir Skálholtsvík.
Mættar voru 14 konur
Formaður Anna Sigurðardóttir setti fundinn,
bauð fundarkonur velkomnar og minntist síðan
tveggja látinna félagskvenna, þeirra
Guðmundu Ásgeirsdóttir Borðeyri og
Jónu Jónsdóttir Hlaðhamri og bað fundarkonur
að risa úr sætum í minningu þeirra.
Því næst las formaður dagskrá fundarins
1. Félagsmál
2. Lesin fundargerð K.S.S.
3. Kosið í jólakrýsskemmtinefnd
4. Kosið í þorrablótsnefnd
5. "Ónnur mál
6. Næsti fundur
Formaður kom með þá tillögu hvort þakka
skyldi fundum innan félagsins þar eð
hennir hefði að fundir væru tæplega nógu vel
sóttir. Ræddu fundarkonur þetta mál og var
ákveðið að þakka saumafundum um 1 í
viku, en ákveðnir tveir og eða svo til með
framhaldið síðar, en félagsfundum mætti
ekki þakka
Því næst las formaður fundargerð X.SS. frá
aðalfundi p.l. var.
Þá var kosið í jólatrésskemmtinefnd og

Þorrablótsskemmtinefnd. Þessar konur hlutu
kosningu. Í jólatrésskemmtinefnd

Laufey Dagbjartsdóttir Bæ	11	atkv.
Þorgerður Sigurjónsdóttir Skálholtsvík	11	-"-
Ingibjörg Sigurðardóttir Laxárdal	9	-"-
Sigríður Halldórsdóttir Kjörseyri	8	-"-
Sigríður Ingólfsdóttir Borðeyri	8	-"-
Jóhanna Helgadóttir Prestbakka	7	-"-

til vara Inga Danielsdóttir Kollsá
Í Þorrablótsnefnd
Guðrún Jóhannesdóttir Borðeyri
Lilja Sigurðardóttir Melum
Ónnur Jóhannsdóttir Laxárdal
"Ónnur mál. Formaður K.S.S. hefur tilkynnt
að við gætum átt kost á tveimur námskeiðum í
vetur og er reiknað með að fyrra námskeiðið
verði um miðjan janúar, en hið síðara í apríl.
Sem konur hvattar til að notfæra sér þessi
námskeið þar sem við eigum svo sjaldan kost á
slíkum námskeiðum. Hvatti fundarkonur áhuga
á þátttöku í báðum námskeiðunum og einnig
þótti sjálfsagt að konur utan félagsins gætu
tekið þátt í þeim ef þar vildu.
Kvenfélagskonur sáu um veitingar við jarðarför
Jónu Jónsdóttur á Hlaðhamri og var ákveðið að
selja veitingarnar á kr. 250,00 fyrir manninn, en
100 manns munu hafa þegið veitingar.

Næsti fundur. Lilja Sigurðardóttir Melum bauð fram næsta fundarstað sem var þegið og þakkað. Verður næsti fundur sem er aðalfundur haldinn þa. Fleira ekki bekið fyrir. Fundi slitið.

EG.

Aðalfundur Kvenfélagsins Iðunnar haldinn 23. febrúar 1975 hjá Lilju Sigurðardóttir Melum.
Mættar voru 16 konur. Formaður Anna Sigurðard. setti fundinn, bauð fundarkonur velkomnar.
Las upp dagskrá fundarins og rakti síðan ágrip úr sögu félagsins frá stofnun þess og sagði frá störfum félagsins s.l. ár. Síðan las hún upp bréf sem félaginu barst í tilefni kvennaársins 1975. Þar var sagt frá stöðu og störfum kvenna í hinum ýmsu löndum heims.
Því næst las gjaldkeri upp reikninga félagsins áður endurskoðaða af þeim Sigríði Jónsdóttir, og Ingu Danielsdóttir er endurskoðaði í stað Ólafar Björnsd. sem ekki gat mætt á fundinum.
Voru reikningarnir samþykktir einróma.
Þá fór fram kosning formanns og gjaldkera.
Var Guðbjörg Haraldsd. Borðeyri kosin formaður í stað Önnu Sigurðard. sem baðst undan endurkosningu. Lilja Sigurðard. var endurkosin gjaldkeri.
Í varastjórn var kosin Anna Sigurðard. í stað Guðbjargar Haraldsd. og skipa þá Inga Danielsd., Anna Sigurðard. og Sigríður Ingólfsd. varastjórn félagsins.
Ólöf Björnsd. og Sigríður Jónsd. voru einróma endurkosnar endurskoðendur.
Í kaffinefnd voru kosnar Þorgerður Sigurjónsd. Jenney Jónasd. og Margrét Eyþeinsd. og til vara Sigríður Ingólfsd. Hanna Hannesd. og Ingibjörg Sigurðard.
Lilja Sigurðard. var kosin fulltrúi félagsins á aðalfund K.S.S. sem haldinn verður á Borðeyri í vor og til vara Elsa Gíslad.
Önnur mál. Guðbjörg Haraldsd. bar fram þá tillögu að lesa úr bókinni "Á Ódáinsakri" á skemmtifundum félagsins og komið yrði á stað umræðum um efni bókarinnar, þar eð hún væri líka ætlud til náms í leshringjum. Voru góðar undirtektir um það.
Þá var kosin fjáröflunarnefnd, sem ætlað er að sjá um bögglauppboð og kaffisölu og jafnvel fleiri skemmtanir. Þessar konur voru kosnar.
Inga Danielsd. Sigurrós Sigurðard. ~~Ólöf~~ Sigríður Jónsd. Laufey Dagbjartsd. Ólöf Björnsd. og Sigríður Ingólfsd.
Skulu þessar konur sjá sameiginlega um bakstur og aðra vinnu í sambandi við fjáröflun sem nefndin sér um.

Rædd var um ad lagfæra þyrfti borðin í kaffisöluskúrnum við Tollsarðrétt, því þau eru orðin mjög léleg. Var leikin ákvörðun um ad fá smið til ad líta á þau og ákveda hvort borgadi sig ad reysa borðgrindurnar, en alla vega verdur ad selja á þau nýjar plötur.
Næsti fundur. Jenney Jónasdóttir bauð fram næsta fundardad og Hanna Hannesd. bauð fram stad fyrir næsta saumafund.
Fleira ekki tekid fyrir. Fundi slitid.

GG.

Fundur haldinn í Kvenfélaginu Hönn 24 april hjá Jenney Jónasdóttir Borðeyri.
Mættar voru 16 konur. Formadur Gudbjörg Haraldsd. setti fundinn og bauð fundarkonur velkomnar, einkum Sigurdis Jóhannesd. sem gekk í félagid á fundinum. Því næst las formadur upp dagskrá fundarins.
Félagsmál voru fyrst á dagskrá.
Kvadst formadur vonast til ad vid finndum nóg verkefni í framtidinni. Minntist hún á grein Skúla á Fjólunnarstödum þar sem hann talar um ad bændakonur væru aldrei nefndar þegar talad væri um ad gera iðdekd á stórfum kvenna í ýmsum starfsdeildum. Rudvitad lægi beinast vid ad bændakonur gerdu þetta sjálfar ef þær hefdu áhuga á. Þar sem K.Í. er nú ordinn vignaradili ad bréfaskólanum ættum vid ad geta fylgst betur med hvad hann hefur upp á ad bjóda, en þar mætti finna eitthvad til gagns og gamans.
Þá var kosin nefnd til ad sjá um sambandsfund K.S.S. sem haldinn verdur á Borðeyri 3. mai. Þessar konur voru kosnar. Ingibjörg Sigurdardóttir, Sigríður Ingólfsdóttir, Sigurrós Sigurdardóttir, Sigfríður Jónsdóttir og Jenney Jónasdóttir.
Önnur mál. Ákvedid var ad fara í skemmtiferd í sumar eins og gert var s.l. sumar og voru

fejar konur kosnar til ad sjá um undirbúning hennar. Hlutu þessar konur kosningu
Þorgerður Sigurjónsdóttir, Guðrún Jóhannesdóttir, og Guðbjörg Haraldsdóttir.
Þá var ákveðið ad hækka verd á peldu kaffi úr kr. 200,00 í kr. 300,00.
Rætt var um ad gaman væri ad stefna ad því ad fara til Reykjavíkur og fara í Þjódleikhúsid því alltaf er gaman ad sjá gód leikrit.
Verdur þetta mál tekid nánar til athugunar sídar.
Næsti fundur. Ólöf Björnsdóttir bauð fram nasta fundarstad sem var þegid ~~af~~ med þökkum.
Fleira ekki tekid fyrir og fundi slitid.
BG.

Fundur haldinn ad Skólsá 3 des 1975
hjá Ólöfu Björnsdóttir
Mættar voru 14 konur. Formadur setti fundinn, og bauð fundarkonur velkomar, sérstaklega Rósu Jensdóttur, sem gekk í felagid.
Í Lesin var fundargerð. K.S.Í. kom þar fram beidni um ad kvennfelagid borgadi 100 kr af hverri felagskonu til orlofssjóds, og var þad samþykt.
Lesid var bréf kvennasögusafns Íslands, vid ad leita heimildar um daglegt líf kvenna, vídsvegar um landid. og um áhuga mál þeirra fyrr og nú.
Þad er megintilgangur Kvennasögusafns Íslands. ad studla ad því, ad rannsókud verdi gaumgæfilega saga kvenna hér á landi, en forsendan fyrir slíkum rannsóknum er ad vita. hvar heimilda sé ad leita. Hjarðarhaga 26 4 hæd
Anna Sigurðardóttir Var þetta mál rætt til íhugunar.
Því næst var lesid bréf frá ungmannafelaginu Hörpu, sem hafdi borist kvennfelaginu, um áhugan um kaup á bordum og stólum, vegna vantanlegra ádstádu í nýja Barnaskólanum Og samþykkti fundurinn ad láta allt ad 100-150 þús. af mörkum ef hægt væri
Lesid var bréf frá H.Í.Í. hvort áhugi væri fyrir felagsmálanámskeidi. fannst konum

það mjög naudsynlegt. að fjalla bæði rædumenstu og fundi, en til þess ætti að fást nóg þátttaka
Þar næst fóru fram kosningar var fyrst
kosið í jólabrídsskemmtinefnd. kosningu hlutu
Guðbjörg Haraldsdóttir 9 atkvæði
Guðrún Ólafsdóttir 8 — — —
Sigríður Jónsdóttir 7 — — —
Guðrún Jóhannesard. 6 — — —
Elsa Gísladóttir 6 — — —
Sigurós Sigurðardóttir 6 — — —
Til vara Margrét Eysteinsdóttir og Hanna Hannesdóttir. Þar næst var kosið í Þorrablóts-nefnd. Kosningu hlutu.
Olöf Björnsdóttir með 5 atkvæði
Ingibjörg Sigurðard. — 4 — —
Sigríður Sveinbjörnsd. — 4.
Til vara Guðbjörg Haraldsd. og Elsa Gísladóttir
Rætt var um saumafundina, sem hafa verið undanfarið að hafa þá eins og fyrr, og bauð Guðrún Jóhannesard. fyrsta fund. Ákveðið var að halda næsta fund í nýja Barnaskólanum sem er aðalfundur Fleyra ekki lokið fyrir, og fundi slitið.

Sigríður Ingólfsdóttir

Aðalfundur Kvenfél. Iðunn haldinn í Barnaskólanum á Borðeyri 1. febr. 1976.
Mætar voru 16 konur. Formaður setti fundinn og bauð fundarkonur velkomnar, einkum Hólmfríði Þorfinnsdóttur Tögnubrekku er nú gekk í félagið Síðan var lesin dagskrá fundarins Rakti formaður síðan störf félagsins á árinu, er hafa verið umfangsmeiri en undanfarið.
Kaffinefnd sá meðal annars um að færa kaffiskúrinn frá Kollsá út að Hvalsá, þar sem nýja réttin var tekin í notkun í haust.
Fjáröflunarnefnd sá um hlutaveltu, spilakvöld og kökubasar.
Ungmennafélagið Harpa leitaði til kvenfélagsins á árinu og óskaði eftir fjárframlagi frá því, til kaupa á borðum og stólum, er nota mætti til samkomuhalds í nýja skólanum og var samþykkt að leggja fram kr. 150.000,00 til þeirra kaupa.
Í lögum félagsins segir, að ekki megi taka yfir 3/4 af eigum félagsins, nema fundarsamþykkt liggi fyrir og þar sem sú samþykkt var fyrir hendi voru lagðar fram kr. 158.900,00
Með sama framlagi frá Ungmennafélaginu voru svo keypt 10 borð og 60 stólar.
Næst las gjaldkeri Lilja Sigurðardóttir upp reikninga

félagsins, ásamt endurskoðaða af Ólöfu Björnsd. og Önnu Sigurðard. en endurskoðaði í stað Sigríðar Jónsd. Voru reikningarnir samþykktir athugasemdalaust.

Þá las formaður bréf frá Kvennasögusafni Íslands. Í því bréfi óskar Kvennasögusafnið eftir því, að allir sem eiga í fórum sínum einhverskonar fróðleik um konur og eftir konur, líf eða liðnar lái þá viðleitni ekki glaðast og bendir í því sambandi á. að ýmsan fróðleik megi geyma á segulböndum og kaseldum og einnig mætti ljósrita gömul bréf o. fl.

Önnur mál: Anna Sigurðard. lagði fram minningarkort frá Styrktarfélagi Vangefinna og óskaði eftir að fleiri konur tækju að sér sölu þeirra. Var það auðsótt mál og buðust þær Inga og Ólöf á Kollsá og Sigríður Ingólfsd. á Borðeyri til að taka það að sér ásamt Önnu og var nú minningarkort Styrktarfélags Vangefinna til sölu á þremur stöðum í sveitinni.

Lilja Sigurðardóttir bar fram þá fyrirspurn hvort nokkur áhugi væri fyrir hjá og garðrækt ýmiskonar og vagði að maður á vegum Búnaðarfélags Íslands. væri fáanlegur til að koma og leiðbeina þeim er þess óskuðu, um skipulag garða og þess háttar Var mikill áhugi fyrir þessu hjá fundarkonum og ákveðið að kynna sér þetta mál nánar. Þá var stjórn kvenfélagsins falið umboð til að sitja fund stjórna Ungmennafélaganna Æskan í Bæjarhreppi og Dagsbrúnar í Staðarhreppi, til að ræða sameiginleg félagsmál í framtíðinni.

Samþykkt var að hækka ársgjald félagskvenna úr kr. 200.00 í kr. 500.00. Fundarkaffi skyldi selt á kr 450,00.

Rósa Sigurðard. bar fram þá tillögu að félagskonur færu til Hvammstanga einu sinni á vetri og skemmtu þar öldruðu fólki á Elliheimilinu dagsstund með upplestri eða öðru slíku. Hlaut þessi tillaga mjög góðar undirtektir og ákveðið að kjósa nefnd til að sjá um framkvæmd þessa máls.

Þá fór fram kosning ritara og varastjórnar. Var Elsa Gíslad. endurkosin ritari, sömuleiðis var varastjórnin endurkjörin þar Inga Danielsd. Anna Sigurðard. og Sigríður Ingólfsd.

Í kaffinefnd voru kosnar, Lilja Sigurðard. Laufey Dagbjartsd. og Rósa Jónsd. og til vara Sigríður Jónsd. Guðbjörg Haraldsd. og Sigríður Ingólfsd.

Í skáðflutningsnefnd voru kosnar þær Jenna Jónasd. Hanna Hannesd. Guðbjörg Haraldsd. Anna Sigurðard. Margrét Eysteinsd. og Elsa Gíslad. Þá voru kosnar í nefnd til að skemmta öldruðu fólki á Elliheimilinu Hvammstanga þær Rósa Sigurðard. Inga Danielsd og Ólöf Björnsd. Fleira lá ekki fyrir fundinum að þessu sinni og var honum því slitið.

Elsa Gíslad.

Fundur haldinn í Kvenfélaginu Hrund
2. maí '76 í Barnaskólanum á Borðeyri.
Mætlar voru 11 konur.
Formaður setti fundinn, las dagskrá
fundarins og rakti síðan stöðu félagsins í
vetur. Taldi hún að við gætum enn
aukið félagslíf innan félagsins og benti
í því sambandi á hina ýmsu leiðbeiningi
á vegum bréfaskólans.
Þá sagði formaður frá störfum
Formannafundar Kvenfélagasambandanna
er haldinn var 24.-25. apríl sl.
Þar var meðal annars samþykkt að K.Í.
gerðist fullur aðili að Alþjóðasamtökum
sveitakvenna. Einnig er því beint til
aðildarfélaga sambandsins að þau leggi
fram fé til hjálparstarfs á vegum R.C.W.W.
meðal kvenna í þróunarlöndum.
Skal það framlag nema minnst kr. 100,00 á
félagsmann annað hvert ár.
Kristjanasson frá Sláttarsambandi bænda kom
með þau tíðindi að S.Í. hefði samþykkt, að
láta ákveðinn hundraðshluta af tekjum sínum
renna til kvenfélaganna og var ákveðið að
kvenfélagasambönd'in ráðstöfuðu fénu, og skyldi
það renna til sveitakvenfélaga, til fræðslu
og menningarstarfsemi. Heildarupphæðin sem
til skipta kemur er kr. 1.950.000,00 (1 milj. 950 þús.).
Umræður urðu um verknám Barnaskólans og voru
fundarkonur sammála um að stórlega mætti bæta
þar um, og var í því sambandi samin eftirfarandi
áskorun til skólanefndar Bæjarhrepps.

Fundur haldinn í Kvenfélaginu Hrund, á
Borðeyri 2/5 1976, skorar á skólanefnd
Bæjarhrepps að stuðla að meiri og fjölbreyttari
verknámskennslu í Barnaskólanum á Borðeyri
en verið hefur til þessa. Einnig athuga hvort
ekki væri hægt að fá danskennara með dans-
námskeið, bæði fyrir börnin og fullorðna.

Þá var lesið bréf K.Í. um þing Norrena
húsmæðrasambandsins, sem í ár verður haldið hér
á Íslandi, dagana 20.-23. ágúst. Í þessu bréfi
er fjallað um dagskrá þingsins og er 100 íslenzkum
konum gefinn kostur á að sækja um þátttöku í
ráðstefnunni.
Ónnur mál: Formaður kvaðst hafa talað við
Magdalenu Sigurðardóttur um námskeið í flosi.
Hvaðst hún vera tilb. að kenna sig í ferðir út
um land, en þess í stað tæki hún konur á
námskeið heim til sín, með það fyrir augum
að þær kenndu svo í sínum heimabyggðum.

þá sagði formaður að á Hvammstanga yrði garðræktarráðunautur 8.–9. maí n.k. með myndir af skipulagi garða o.fl. Væri sjálfsagt að kynna sér þessar myndir áður en Óli Valur Hansson kemur til að leiðbeina okkur með garðrækt, en búist er við að hann geti komið seinni partinn í júní.
Rætt var um væntanleg störf fjáröflunarnefndar og var ákveðið, að hver kona gæfi 5 hluti á hlutaveltu eða slíkt, einnig að hafa kaffisölu um leið og jafnvel kvikmyndasýningu.
Fulltrúi á sambandsfund K.S.S. var kosin Elsa Gísladóttir og til vara Sigríður Ingólfsd. og Inga Danielsd. Sigríður Jónsd. bauðst til að taka fyrsta saumafund næsta haust og Guðbjörg Haraldsd. þann næsta.
Fleira lá ekki fyrir fundinum að þessu sinni og honum því slitið.

E.G.

Fundur haldinn í Kvenfél. Iðunn 5. des. '76 í Barnaskólanum á Borðeyri. Mættar voru 21 kona.
Formaður las upp dagskrá fundarins er var þannig
1. Fundur settur.
2. Lesin fundargerð K.S.S.
3. Lesin bréf.
4. Önnur mál.
5. Kosið í jólakaffinefnd og þorrablótsnefnd.
Formaður setti síðan fundinn og bauð sérstaklega velkomnar í félagið þrjár nýjar félagskonur, þær Rúti Skúlad., Birnu Bjarnad. og Ólu Valdjósd.
Ræddi formaður síðan um félagsstarfið á komandi vetri og kvaðst vonast til að það yrði fjölbreyttara en verið hefur og minnti á Bréfaskólann í því sambandi.
Í sumar var farið í ferðalag eins og ráðgert hafði verið, en þátttaka var hvergi nærri nógu góð. Ekki tókst að fá Óla Val ráðanaut Búnaðarfélaganna hingað í sumar, né leiðbeinanda í félags og fundarstörfum, þó báðir aðilar hefðu gefið loforð um það.
Síðan las formaður fundargerð K.S.S. frá síðasta aðalfundi er haldinn var í vor á Norðurfirði. Voru þar rakin störf sambandsins á síðasta ári svo og störf orlofsnefndar. Samþykkt var að sambandið gæfi kr. 10.000.- til þófnunar ísl. þjóðhátta. Einnig var þar samþykkt að

skora á sveitarstjórnir í sýslunni, að hreinsa árlega til á sínu sveitarfélagssvæði, í samráði við kvenfélögin, bæði kringum bæjin og á fjörum.
Stjórn og varastjórn sambandsins voru endurkjörnar. Næsti fundur sambandsins verður á Hólmavík.
Þá var lesið bréf frá stjórn sjódeildarinnar Hlíðskjálf þar sem leitað er aðstoðar félagsins við sölu merkis sem sjódeildinni gefur út og skal ágóði merkjasölunnar renna til styrktar varðskipsmönnum.
Félagið lók að sjá sölu þessa merkis og lagði auk þess fram kr. 4000,00 til styrktar sjódeildinni.
"Annað mál. Sigríður Jónsd. bar fram þá tillögu að kvenfélagskonur kæmu saman fyrir jólin og gerðu laufabrauð. Var almennur áhugi fyrir þessu og ákveðið að hrinda því í framkvæmd á næstunni.
Þá var rætt um að endurnýja fyrsti jólaball kvenfélagsins, svo og jólasveinabúninginn, en hvorugt hvoggja er farið að láta mikið á sjá. Ákveðið var að fela jólaballsnefnd að athuga um kaup á nýjum jólaballi og fleiru í því sambandi.
Rósa Jensd. kom með tillögu þess efnis að kvenfélagið gerði tilraun til að rækta smá bjórgarð og þá síðna meir að bæta við blómum.
Almennur áhugi var fyrir þessu hjá fundarkonum og ákveðið að athuga þetta nánar síðar.
Guðbjörg Haraldsdóttir kom með þá tillögu, að konur gerðust aðilar að Kaupfélagi Hrútfirðinga og urðu góðar undirdeildir með það.
Þá bar Lilja Sigurðardóttir fram fyrirspurn um hvort áhugi væri fyrir einhverjum iðnaði saumaskap eða þess háttar sem stunda mætti í Brúarskála yfir veturinn. Urðu nokkrar umræður um það mál.
Þá var kosið í jólaballsnefnd og þorrablótsnefnd.
Í jólaballsnefnd voru kosnar
Inga Danielsd., Hanna Hannesd., Margrét Eysteinsd., Ólöf Björnsd., Ingibjörg Sigurðard. og Rósa Jensd.
til vara Auður Skúlad. og Sigríður Halldórsd.
Í þorrablótsnefnd voru kosnar
Sigríður Ingólfsd., Guðbjörg Haraldsd. og Birna Bjarnad.
og til vara Laufey Dagbjartsd. og Elsa Gíslad.
Fleiri mál lágu ekki fyrir og fundi því slitið.
B.G.

Aðalfundur kvenfélagsins Iðunn haldinn á Borðeyri 27-2-'77. Mætar voru 15 konur. Formaður las dagskrá fundarins, setti síðan fundinn og bauð fundarkonur velkomnar, einkum frú Guðmundsd. Guðlaugsvík sem nú gekk í félagið.
Dagskrá fundarins var. 1. Fundur settur, 2. Skýrsla stjórnar, 3. Lesin bréf, 4. Reikningar skýrðir 5. Önnur mál, 6. Kosningar
Formaður rakti störf félagsins s.l. ár
3 félagsfundir voru á árinu og saumafundir 2. Kaffinefnd sá um kaffiveitingar á fundum og síð Hvalsnesll og tók á móti Skagfirskum bændum er fóru í kynnisför um Strandasýslu.
Jólabrisnefnd sá um jólaskemmtun, fjáröflunarnefnd um klukaveltu, kökubazar og spilakvöld. og Þorrablótsnefnd um Þorrablót í samvinnu við Ungmennafélagið. Einnig heimsótti nefnd sjúkrahúsið á Hvammstanga og gladdi fólkið þar.
Farið var í ferðalag á vegum félagsins. Einnig tóku félagið undir með kvenn sjúkum frá Þjóðháttasafnum H.Í. sem unnu að björgun gamals fróðleiks.
(~~Kvenfél. Iðunn~~) Þá mælti stjórn félagsins á aðalfund K.F.S.B. Kvenfél. Iðunn var stofnað 2/1 1927 og voru fyrstu konur í stjórn þess Ása Guðmundsd. Theodórs. formaður, Elísabet Benediktsd. gjaldkeri og Ingibjörg Timoteusdóttir ritari.
Þá las formaður eftirfarandi bréf frá hreppsnefnd Bæjarhrepps.

Á fundi hreppsnefndar Bæjarhrepps 29. júní s.l. var lekið fyrir bréf Kvenfélagasambands Strandasýslu varðandi samvinnu sveitastjórna og kvenfélaga við árlega hreinsun kringum býli og á fjörum.
Guðjóni Ólafssyni og Jónasi Einarssyni var falið að ræða þessa mál við stjórn kvenfélagsins Iðunn.
Laxárdal 30. júní 1976 Oddviti Bæjarhrepps
Þorsteinn Elíssson.

Veitti fundarkonur Guðbjörgu Haraldsd og Elsu Gíslad. umboð til að segja þeim Guðjóni og Jónasi að kvenfélagskonur voru tilbúnar til samvinnu við hreppsnefndina í þessu máli.
Einnig var lesið bréf frá eiganda verzlunarinnar Baldursbrá.
Gjaldkeri félagsins las upp reikninga félagsins áður endurskoðaða af Ólöfu Björnsd. og Sigríði Jónsd.
Voru reikningarnir samþykktir athugasemdalaust.
Hrein eign félagsins er kr. 303,389,00
Önnur mál. Formaður kvaðst hafa náð í Ólaf Dal Hansson ráðanaut og lofaði hann að koma til okkar upp úr miðjum maí í vor.
Rætt var um kaup á borðbúnaði og hitakönnum en eins og við vitum er skortur á öllu þesshátar hjá félaginu. Var ákveðið að kaupa 6 hitakönnur og leggja auk þess fram kr. 50.000,00 til kaupa á einhverju öðru og fara þess þá á leit við stjórn Ungmennafélagsins hvort það væri fáanlegt til að leggja

fram einhverja upphæð til kaupa á búsáhöldum
með kvenfélaginu. Skal stjórnin sjá um nánari
athugun á þessu. Samþykkt var að gefa
Sjúkrahúsinu á Hammstanga kr. 100.000.00 í tilefni
50 ára afmælis félagsins og var stjórninni falið að
sjá um framkvæmd á því máli.
Kosningar. Guðbjörg Haraldsd. var endurkosin
formaður til næstu tveggja ára.
Birna Bjarnad. var kosin gjaldkeri í stað
Lilju Sigurðard. sem ekki gat kost á sér áfram.
Varastjórn og endurskoðendur voru endurkosnar
en það eru þær Anna Sigurðard. Inga Danielsd.
og Sigríður Ingólfsd. í varastjórn og Sigríðurjónsd.
og Ólöf Björnsd. endurskoðendur.
Í kaffinefnd voru kosnar.
Guðrún Skúladóttir, Rósa Sigurðardóttir
Margrét Þorsteinsdóttir, Hanna Hannesd., Guðrún Jóhannesd.
og Elsa Gíslad.
Í fjáröflunarnefnd voru kosnar.
Þorgerður Sigurjónsd. Jóna Guðmundsd. Ingibjörg
Sigurðard. Erla Valdjósd. og Inga Danielsd.
Í sjúkrahúsheimsóknarnefnd voru kosnar
Sigríður Ingólfsd. Margrét Þorsteinsd. og Lilja Sigurðard
Sigríður Ingólfsd. bauðst til að taka saumafund.
Fleiri mál lágu ekki fyrir og fundi slitið
E.G.

Fundur haldinn í kvenfélaginu Iðunn 25. apríl
'77 á Borðeyri. Mætlar voru 16 konur.
Formaður setti fundinn og las síðan dagskráin
er var 1. Fundur settur
2. Kosim fulltrúi á aðalfund K.S.S.
3. Önnur mál
4. Árgjald Húsfreyjunnar
Formaður kvað fá mál liggja fyrir fundinum
að þessu sinni og vonaðist til að fundar-
konur hefðu eitthvað sem þær vildu koma
á framfæri. Ríkið hefur verið minnst
á að gera ítrekt á stórfum kvenna í
hinum ýmsu stéttum, og væri áhugavert
ef bændakonur athuguðu sinn ~~gang~~ starfs-
hina t.d. um sandburðinn.
Árið 1895 reiknaði bóndi mokkur út
vinnulaun hjóna, húsbónda og húsfreyju.
Þar voru laun húsfreyju metin á kr. 25,00
en bóndans kr. 70,00 á ári.
Árið 1975 eru húsmæður í sveit taldar
600 vinnustundir á ári og verðgildi
þessa kr. 128.268.00. Vinnustundir eru
þæna ekki sundurliðaðar og eftir þessu
mætti ætla að húsmæður ynnu hvorki
nætur né helgidagavinnu.
Á móti er vinna bónda talin 2800 st.
dagvinna 412 stundir eftirvinna og 408 stundir

náttúrunna, verðgildi kr. 821.238,00
Önnur mál: Rætt var um komu Óla Vals
ráðanautar og var áhveðið að fá hann
til að koma og athuga hvort jarðvegur
hér í kringum Borðeyri væri nothæfur til
að rækta í kjaplöndur og annan gróður
eins og fram kom áhugi fyrir á fundi í
haust.
Áhveðið var að hækka verð á fundarkaffi
í kr. 500,00.
Kosin var nefnd til að sjá um lagfæringu
á Kaffiskúrnum, ~~sem~~ er hann er orðinn
ansi illa útlítandi. Þessar konur voru
kosnar. Sigríður Jónsdóttir, Inga Danielsd.
Hanna Hannesdóttir og Elsa Ísleifsdóttir
er þeim og heimilt að kalla út fleiri konur
til liðs við sig.
Biena Bjarnadóttir bar fram þá tillögu
að kjósa nefnd til að sjá um skemmtun
fyrir börn 17. júní. Hlaut tillagan
mjög góðar undirtektir og voru þær
Biena Bjarnadóttir, Þorgerður Sigurðjónsdóttir
Jóna Guðmundsdóttir og Auður Skúladóttir
kosnar til að sjá um þessa skemmtun.
Til vara var kosin Ólöf Björnsdóttir.
Í ferðanefnd voru kosnar: Sigríður Halldórsd.
Lilja Sigurðardóttir og Sigurrós Sigurðardóttir

Fulltrúi kvenfélagsins á aðalfund K.S.S.
á Hólmavík var kosinn Laufey Dagbjartsd.
og til vara Sigríður Jónsdóttir.
Að kosningum loknum var innheimt árgjald
Húsfreyjunnar. Fleiri mál lágu ekki fyrir
að sinni og fundi því slitið.

B.G.

Fundur haldinn í kvenfél. Iðunn 4. des 1977
Fundurinn var að venju haldinn í Barnaskólanum
á Borðeyri. Mættar voru 17 konur.
Formaður setti fundinn og las dagskrá fundarins
er var: 1. Fundur settur
2. Lesin fundargerð aðalfundar K.S.S.
3. Önnur mál
4. Kosið í jólatrésnefnd og Þorrablótsnefnd.
Formaður kvaðst hafa verið undanfarið að
skrifa sögu kvenfélagsins Iðunn. Hefur
félagið starfað að heita má óslitið síðan
það var stofnað fyrir 50 árum.
Síðan las formaður fundargerð frá aðalfundi
K.S.S. sem var haldinn á Hólmavík í vor.